

Fundargerð

Fisksjúkdómanefnd

Fundarboðandi: Berglind Helga Bergsdóttir *Fundarstaður:* Teams

Fundarstjóri: Auður L. Arnþórsdóttir *Dagsetning:* 27. september 2023

Fundarritari: Berglind Helga Bergsdóttir *Fundartími:* 11:15 – 12:00

Þátttakendur: Auður L. Arnþórsdóttir (f.h. Yfirdýralæknis/ formann Fisksjúkdómanefndar), Berglind Helga Bergsdóttir (Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson (f.h. Hafró), Rákel Guðmundsdóttir (f.h. Hafró).

Dagskrá

- Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsóknar um lyfjameðhöndlun

Umræða

- Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsókna um leyfi til að lúsameðhöndla eldislaxa í sjókvíaldi.**
 - Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar á eldislaxi með Salmosan (Azamethiphos) í 2 kvíum í Hringsdal í Arnarfirði: Kvíarnar tvær skera sig úr á svæðinu hvað varðar lúsafjölda. Að umfjöllun lokinni komst Fisksjúkdómanefnd að þeirri samdóma niðurstöðu að mæla með því við Matvælastofnun að heimila umbeðna lyfjameðhöndlun í kví nr. 1 og kví nr. 2 í Arnarfirði samkvæmt umsókn.
- Almenn umræða um stöðu lúsar á Íslandi og samanborið við stöðu erlendis.**

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 12:00.